

Nr. 9.
8.
júli.

Auglýsing

um,

að út sje gefin skipulagsskrá fyrir Ræktunarsjóð Íslands.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefur Hans hátign konunginum þóknast í dag að veita skipulagsskrá þeirri, er hjer fer á eptir, allrahæsta staðfesting:

Samkvæmt lögum 2. marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands gjöri og gef jeg undirritaður, Hans konunglegu hátignar ráðgjafi fyrir Ísland, hjermeð í von um allrahæsta staðfesting Hans hátignar konungsins eptirfylgjandi

Skipulagsskrá

fyrir

Ræktunarsjóð Íslands.

1. gr.

Ræktunarsjóður Íslands er stofnaður með lögum 2. marz 1900 til að efla ræktun landsins bæði með lánum til jarðabóta og annara framkvæmda er að jarðrækt lúta og með verðlaunum handa þeim, er sýnt hafa frábæran dugnað í jarðabótum.

2. gr.

Fje sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883, og nú sem stendur er 144,932 kr. að upphæð. Í sjóðinn skal ennfremur renna andvirði þjóðjarða þeirra, er hjer eptir kunna að verða seldar svo og það af ársvöxtum hans, sem eigi er varið til verðlauna. Á þau skuldabryjef landssjóðs, er ganga til sjóðsins, skal ritað framsal til hans.

3. gr.

Til jarðabóta þeirra, er lán má veita til eða verðlaun má veita fyrir úr sjóðnum, teljast: túnasljettun, þurkun með opnum skurðum eða lokræsum, áveituskurðir, flóðgarðar, og stíflugarðar, girðingar um tún, sáðreitir, fjárbæli, engjarækt, mýrarækt, góðrarreitir eða afmarkaðar beitarspildur, hvort sem þær eru afgirtar með skurðum, vír eða annars konar girðingu, undirbúningur á jörð til matjurtareita, trjáplöntun, sandgræðsla, varnir gegn landbroti eða uppblæstri, og sjerhvað annað, er miðar að því að rækta óræktað land eða auka afurðir landsins, hvort heldur er til manneldis eða skepnufóðurs.

Nr. 9. Auglýsing 8. júli um, að út sje gefin skipulagsskrá fyrir Ræktunarsjóð Íslands.

Bekendtgørelse

om,

at der er udgaaet en Fundats for Islands Dyrkningsfond.

Nr. 9.
8de
Juli.

Paa Ministeriet for Islands derom nedlagte allerunderdanigste Førestilling har det behaget Hans Majestæt Kongen under Dags Dato at meddele allerhøjeste Konfirmation paa nedenstaaende Fundats:

I Henhold til Lov om Oprettelse af Islands Dyrkningsfond af 2den Marts 1900 og i Forventning af Hans Majestæt Kongens allerhøjeste Konfirmation giver og fastsætter jeg undertegnede, Hans kongelige Majestæts Minister for Island, herved følgende

Fundats

for

Islands Dyrkningsfond.

§ 1.

Islands Dyrkningsfond er oprettet ved Lov af 2. Marts 1900 i det Øjemed at befordre Landets Opdyrkning ved at bevilge Laan til Jordforbedringer og andre Foranstaltninger, der sigte til Jorddyrkning, og ved at uddele Præmier for udvist udmærket Dygtighed i Jordforbedringer.

§ 2.

Fonden bestaar af Købesummerne for de Landskassen tilhørende Fordejendomme, som ere blevne afhændede efter Udgangen af Aaret 1883, og udgør nu et Beløb af 144,932 Kr. Endvidere henlægges til Fonden Købesummerne for de Landskassen tilhørende Fordejendomme, der herefter maatte blive afhændede, samt den Del af Fondens aarlige Renter, som ikke anvendes til Præmier. De Landskassen tilhørende Obligationer, der overgaa til Fonden, blive at forshyne med Transport til denne.

§ 3.

Til de Jordforbedringer, hvortil der kan tilstaa Laan eller for hvilke Præmier kan uddeles, henregnes: Tuejævning paa Hjemmemarken, Dræning, være sig ved Hjælp af aabne Grøfter eller lukkede Render, Overrislingsgrøfter, Dæmninger, Indhegning af Lun, Saaningsanlæg, Indelukke til Faar, Engkulturer, Moskulturer, Forsøgsanlæg eller afgrænsede Græsgange, hvad enten de ere udfilte ved Hjælp af Grøfter, Staaltraad eller andet Hegn, Jordens Bearbejdelse til Koffenhaver, Træplantning, Opdyrkning af sandede Arealer, Værn mod Bortskylning af Land eller Bortblæsning af Muldjorden og alt, hvad der iøvrigt henhører til Opdyrkning af udyrket Jord eller tjener til at forøge Jordens Afgrøde, være sig Næringsmidler til Mennesker eller Foderstoffer til Kreaturer.

Nr. 9. Bekendtgørelse af 8de Juli om, at der er udgaaet en Fundats for Islands Dyrkningsfond.

Nr. 9.
8.
júli.

4. gr.

Innstæðuna má aldrei skerða. Ef eigi þarf í svipinn að halda á einhverju af því fje, sem til taks er í sjóðnum til útlána samkvæmt 1. gr. sbr. 3. gr., skal til bráðabirgða koma því á vöxtu annaðhvort með því að kaupa góð verðbrjef, sem auðvelt er að koma í peninga, eða setja það á vöxtu í áreiðanlegum banka eða sparisjóði.

Þann hluta ársvaxtanna, sem eigi er varið til verðlauna, skal leggja við innstæðuna.

5. gr.

Landshöfðingi hefur stjórn sjóðsins á hendi, og veitir hann lán öll og verðlaun, en leitar áður um það álits stjórnar búnaðarfelags Íslands.

6. gr.

Reikning sjóðsins og skýrslu um verðlaunaveitingar skal birta á ári hverju í B-deild stjórnartíðindanna.

Goos.

Ólafur Halldórsson.

Þetta gjörist hjermeð almenningi kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 8. júlí 1901.

Goos.

Ólafur Halldórsson.

§ 4.

Kapitalen maa aldrig angribes. Er der ikke straks Brug for nogen iøvrigt disponibel Del af den til Ublaar efter § 1, jfr. § 3, gøres den midlertidig frugtbringende ved Anbringelse i solide og let realizable Papirer eller ved Indsættelse til Forrentning i en solid Bank eller Sparekasse.

Nr. 9.
8de
Juli.

Den Del af de aarlige Renter, der ikke anvendes til Præmier, lægges til Kapitalen.

§ 5.

Fonden bestyres af Landshøvdingen, der efter indhentet Betænkning fra Islands Landbrugsselskab bevilger alle Laan og Præmier.

§ 6.

Fondens Regnskab samt en Beretning om Præmieudbetalingen skal aarlig bekendtgøres i Regeringstidendes Afdeling B.

Goos.

Ólafur Halldórsson.

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

Ministeriet for Island, den 8de Juli 1901.

Goos.

Ólafur Halldórsson.